Trúnaðarmál

Kópavogsbær

Viðauki I – Ábendingar og athugasemdir vegna innra eftirlits, endurskoðun ársreiknings 2025

Davíð Arnar Einarsson
Eigandi
david.einarsson@is.gt.com

Sif Jónsdóttir
Eigandi
sif.jonsdottir@is.gt.com

Sigurjón Oddsson
Verkefnastjóri
sigurjon.oddsson@is.gt.com

Skjal sótt af '0000000000' dags. 11.11.2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík
Sími: 520-7000
www.grantthornton.is

12. maí 2026

Bæjarstjórn Kópavogsbæjar
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Endurskoðun ársreiknings 2025

Við höfum framkvæmt prófanir á innra eftirliti sem hluta af endurskoðun okkar á ársreikningi Kópavogsbæjar árið 2025.

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra úttekta, sem framkvæmdar voru meðfram endurskoðun ársreiknings 2025, sem og öðrum ábendingum og athugasemdum er við viljum koma á framfæri eftir endurskoðun okkar á ársreikningi Kópavogsbæjar á árinu 2025.

Markmið skýrslunnar er að veita stjórnendum bæjarins upplýsingar sem nýtast geta við að bæta og styrkja innra eftirlit. Í skýrslu þessari eru athugasemdir og ábendingar flokkaðar eftir alvarleika:

- Ef alvarleiki er mikill (rautt) er um athugasemd að ræða sem æskilegt er að stjórnendur bregðist sem fyrst við, enda um verulegan veikleika í innra eftirliti að ræða að okkar mati.
- Ef alvarleiki er í meðallagi (appelsínugult) er um athugasemd að ræða sem æskilegt er að okkar mati að stjórnendur bregðist sem fyrst við.
- Ef alvarleiki er lítill (grænt) er um ábendingu að ræða sem æskilegt er að stjórnendur taki til skoðunar og leggi mat á hvort aðgerða sé þörf.

Virðingarfyllst,
Grant Thornton endurskoðun ehf.


Davíð A. Einarsson
Löggiltur endurskoðandi

Sif Jónsdóttir
Löggiltur endurskoðandi

Grant Thornton International Ltd
VAT reg 888 0195 82. Registered in England. Company number 05523714
Grant Thornton International Ltd (GTIL) and the member firms are not a worldwide partnership. GTIL and each member firm is a separate legal entity. Services are delivered independently by the member firms. GTIL does not provide services to clients. GTIL and its member firms are not agents of, and do not obligate, one another and are not liable for one another's acts or omissions.

grantthornton.global

Ábendingar og athugasemdir



Afstemmingar efnahagsliða

Ferill	Ábendingar	Áhrif	Tillögur að úrbótum	Viðbrögð stjórnenda	Stig alvarleika	Staða
Afstemmingar	Afstemmingarvinnu er ábótavant. Enn vantaði þó nokkuð upp á afstemmingarvinnu þó svo að framfarir hafa orðið frá fyrra ár. En gera ætti afstemmingar fyrir hvern efnahagslið. Afstemmingar þurfa að vera skýrt uppsettar með tengingu við fjárhæð í ársreikningi. Afstemmingar ættu helst að vera við gögn ytri aðila, hreyfingar úr fjárhag eru ekki nægjanlegar.	Villuhætta og eða sviksemishætta eykst ef afstemmingum er ábótavant.	Gera áætlun um afstemmingu á bókhaldslyklum þ.s. Farið er yfir hvaða bókhaldslyklar eru mikilvægir, með hvaða hætti á afstemmingin að vera, ábyrgðarmaður og hver fer yfir afstemmingu. Hver ábyrgðarmaður og aðilinn sem fer yfir verða kvitta á afstemminguna (sýnileiki).	Bókhald óskar eftir ábendingum um hvar afstemmingum er ábótavant. Lagt er upp með að gera afstemmingar með skipulegum hætti	Meðal	Í vinnslu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Eftirlitsumhverfi og stjórnsýsla

Ferill	Ábendingar	Áhrif	Tillögur að úrbótum	Viðbrögð stjórnenda	Stig alvarleika	Staða
Stjórnsýsla	Formfesta flæði fjármagns á milli sjóða og stofnana innan samstæðu Kópavogsbæjar.	Hættan er á að minni yfirsýn og rekjanleiki fáist með heildarfjárhagsstöðu Kópavogsbæjar.	Setja fram sérstaka reglu og feril um formfestu varðandi flæði fjármagns milli sjóða og stofnana innan samstæðu Kópavogsbæjar.		Meðal	**Í vinnslu**
Stjórnsýsla	Það hefði mátt gera viðauka við Barnaskóla Kársness. Þar sem óvæntar aðstæður hafa komið upp sem hafa leitt til aukins kostnaðar við byggingu skólans.	Fjárhagsáætlun verður ekki nógu skýr og fjárhagsstýring erfiðari.		Útbúnar hafa verið verklagsreglur um gerð viðauka. Endurskoðendur hafa yfir farið þær án athugasemda.	Meðal	**Í vinnslu**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Handbært fé

Ferill	Ábendingar	Áhrif	Tillögur að úrbótum	Viðbrögð stjórnenda	Stig alvarleika	Staða
Handbært fé	Mismunir í afstemmingu á bankareikningum en mikið óbókað varðandi kreditkort, að okkar mati þarf að setja kraft í færslu og afstemmingar á kredikortum.	Villuhætta og eða sviksemishætta ef afstemmingum á bankareikningum eða kreditkortum er ábótavant	Gera áætlun um afstemmingu á bókhaldslyklum þ.s. Farið er yfir hvaða bókhaldslyklar eru mikilvægir, með hvaða hætti á afstemmingin að vera, ábyrgðarmaður og hver fer yfir afstemmingu. Hver ábyrgðarmaður og aðilinn sem fer yfir verða kvitta á afstemminguna (sýnileiki).		Meðal	**Lokið**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Skatttekjur

Ferill	Ábendingar	Áhrif	Tillögur að úrbótum	Viðbrögð stjórnenda	Stig alvarleika	Staða
Skatttekjur og óinnheimtar skatttekjur	Niðurfærsla óinnheimtra skatttekna. Engin samþykkt aðferðafræði eða verklag, heldur er þetta unnið út frá því hvernig þetta hefur verið unnið síðastliðin ár.	Ef vöntun er á formfastri aðferðafræði og yfirferð, er meiri hætta á van/ofmati niðurfærslu.	Búa til ferli og reglu um niðurfærslu óinnheimtra skatttekna.	Aðferðarfræðin er til en óskráð og byggir aðallega á reynslutölum. Sem dæmi er útistandandi staða fasteignagjalda höfð til grundvallar niðurfærslu á þeirri stöðu og svo áhætta vegna útistandandi útsvars metin út frá yfirliti Fjársýslu auk þess sem reynt er að meta áhrif efnahagsástands, þ.e. stöðu vinnumarkaðar.	Meðal	**Í vinnslu**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Húsaleigutekjur (Húsnæðisnefnd)

Ferill	Ábendingar	Áhrif	Tillögur að úrbótum	Viðbrögð stjórnenda	Stig alvarleika	Staða
Leigutekjur	Frávik komu ljós við endurreikning húsaleigutekna hjá Húsnæðisnefnd.	Húsaleigutekjur ekki réttar (vanmat eða ofmat).	Fara þarf yfir hvernig útreikningi á húsaleigutekjum í kerfi bæjarins er háttað og leiðrétta í kjölfarið.	Virðist vera villa í húsaleigukerfi og er í vinnslu. Stjórnendur hafa haft samband við Advania til að fá lausn þessa máls.	Meðal	**Ný ábending**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Varanlegir rekstrarfjármunir

Ferill	Ábendingar	Áhrif	Tillögur að úrbótum	Viðbrögð stjórnenda	Stig alvarleika	Staða
Varanlegir rekstrarfjármunir	Við skoðun á fyrningaskýrslum koma í ljós nokkrar eignir sem ekki er verið að afskrifa, engar útskýringar fengust á því (fjárhæðir undir skráningarmun).	Vanmat á afskriftum og ofmat eigna	Yfirfara fyrningskýrslu reglulega og athuga hvort afskriftir eru réttar.		Meðal	**Lokið**
	Afstemming á milli fyrningaskráa og HMS er ekki nægilega vel gerð. Sbr. mismunur sem kom upp hjá Húsnæðisnefnd þar sem Kleifarkór (sambýli) er sett sem eign hjá Húsnæðisnefnd en er í raun enn í byggingu og ætti að vera í Eignasjóði. Þetta leiddi til þess að endurmat á fasteignum (í fasteignamat) hjá Húsnæðisnefnd var of hátt um 144 millj. kr. Búið er að leiðrétta þetta.	Villuhætta og eða sviksemisáhætta eykst ef afstemmingum er ábótavant	Gera áætlun um afstemmingu á bókhaldslyklum þ.s. Farið er yfir hvaða bókhaldslyklar eru mikilvægir, með hvaða hætti á afstemmingin að vera, ábyrgðarmaður og hver fer yfir afstemmingu. Hver ábyrgðarmaður og aðilinn sem fer yfir verða kvitta á afstemminguna (sýnileiki).	Var leiðrétt á árinu 2025.	Meðal	**Lokið**
	Fyrningar byrja ekki fyrr en næsta ár frá kaupum. Vegna þess er mismunur, þ.e. vanmat á fyrningum og ofmat eigna.	Vanmat á afskriftum og ofmat eigna	Búa til ferli og reglur um að afskrifa beri í þeim mánuði þegar eign er tekin í notkun. Það er ekki viðunandi og of mikil einföldun að byrja að afskrifa árið eftir að eign er tekin í notkun.	Yfirleitt er framkvæmdum að ljúka í lok árs en það var eitt dæmi 2025 þar sem fyrning hefði átt að hefjast í byrjun ársins.	Meðal	**Í vinnslu**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Skuldir

Ferill	Ábendingar	Áhrif	Tillögur að úrbótum	Viðbrögð stjórnenda	Stig alvarleika	Staða
Skuldir við lánastofnanir	Skortur á formlegri afstemmingu lánakerfis við fjárhag.	Villuhætta og eða sviksemisáhætta eykst ef afstemmingum er ábótavant.	Gera áætlun um afstemmingu á bókhaldslyklum þ.s. Farið er yfir hvaða bókhaldslyklar eru mikilvægir, með hvaða hætti á afstemmingin að vera, ábyrgðarmaður og hver fer yfir afstemmingu. Hver ábyrgðarmaður og aðilinn sem fer yfir verða kvitta á afstemminguna (sýnileiki).		Meðal	**Lokið**
	Forsendur á útreikningi næsta árs afborgunum í lánakerfi fengust ekki.	Ekki hægt að endurreikna næsta árs afborganir að fullu leyti.	Fá forsendur á útreikningi næsta árs afborgana í lánskerfi.		Meðal	**Í vinnslu**
Lífeyrisskuld binding	Engin formleg yfirferð sjáanleg af hendi Kópavogsbæ. Svo virðist vera eins og lífeyrisskuldbindingin hafi verið færð án greiningar frá Kópavogsbæ.	Mikilvægt er að Kópavogsbær fari yfir skuldbindinguna þó ekki nema aðeins með greiningu og samtali við tryggingastærðfræðinginn.	Gera áætlun og aðferðafræði við yfirferð á lífeyrisskuldbindingu.	Fulltrúar bæjarins hafa almennt setið fundi sem endurskoðendur hafa átt með tryggingastærðfræðingi og þannig fengið ákveðna yfirferð á stöðunni.	Meðal	**Í vinnslu**
Lán og skuldir	Vaxtareikningur lána miðast við 1.1.2026 - einföldun á annars einföldum útreikningi sem er að okkar mati óásættanlegt miðað við stærð liðarins.	Vanmat/ofmat áfallinna vaxta.	Reikna út með nákvæmari hætti vaxtagjöld.	Staðan sem tekin er út er niðurstaða skuldabréfakerfis og hefur verið fært svona frá því núverandi kerfi var tekið upp.	Meðal	**Í vinnslu**
Áfallið orlof	Villur eru í áföllnu orlofi. Forsendur útreikninga á ávinnslu orlofs í launakerfinu eru rangar. Tekin voru úrtök og staðfest við launaseðla. Mismunur sem fannst í þessu úrtaki er sett sem mismunur í endurskoðunarskýrslu (ofmat á orlofsskuldbindingu).	Orlofsskuldbinding er ofmetin.	Fara þarf í að skoða innslátt forsendna og útreikning inn í launakerfinu niður á hvern starfsmann.	Mikið hefur áunnist í afstemmingum og endurútreikningi á áföllnu orlofi. Á miðju síðasta ári var tekið upp nýtt launakerfi og var orlof endurreiknað samhliða skráningu í nýtt kerfi. Vegna villu sem fannst í endurskoðun 2025, þá hafa stjórnendur leiðrétt þá villu í launakerfinu í apríl 2026. Framundan er vinna við skoðun neikvæðs uppsafnaðs orlofs, en fjárhæð þar er óveruleg.	Meðal	**Í vinnslu**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Aðgreining starfa

Ferill	Ábendingar	Áhrif	Tillögur að úrbótum	Viðbrögð stjórnenda	Stig alvarleika	Staða
Bókhald	Bókarar geta samþykkt reikninga. Tveir starfsmenn hafa aðgang að bókhaldi og bankareikningum.	Reikningar sem eiga ekki rétt á sér geta verið færðir í bókhaldið.	Setja þarf upp skýra matrix-u á hverjir mega samþykkja hvað og útfæra það yfir í bókhaldskerfið.	Starfsmenn með aðgang að bókhaldi og bankareikningum eru ekki lengur að vinna hjá Kópavogsbæ, og er því þeirri ábendingu lokið.	Meðal	**Ný ábending**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026



© 2024 Grant Thornton International Ltd. All rights reserved.

'Grant Thornton' refers to the brand under which the Grant Thornton member firms provide assurance, tax and advisory services to their clients and/or refers to one or more member firms, as the context requires. Grant Thornton International Ltd (GTIL) and the member firms are not a worldwide partnership. GTIL and each member firm is a separate legal entity. Services are delivered by the member firms. GTIL does not provide services to clients. GTIL and its member firms are not agents of, and do not obligate, one another and are not liable for one another's acts or omissions.